

1873. læknir í Kjósarsýslu, en aptur á móti skuli hann undanþeginn
 1. septbr. héraðslæknastörfum í Gullbringusýslu að öðru leyti (á Suðurnesjum) og

að veita megi frá 1. júlí þ. á. kandídat í læknisfræði Þórði Gudmundsen, sem seztur er að sem praktiserandi læknir í Njarðvíkum í Gullbringu sýslu, styrk þann úr læknasjóðnum íslenzka, sem mælt er fyrir um í konungsúrskurði 10. maí 1867, með því móti að hann verði settur héraðslæknir á Suðurnesjum.

Skal allt, sem nú var getið, undir því komið, að þeir jústizráð Jón Hjaltalín og Jónas læknir Jónasson komi sér saman um fyrirkomulag þetta, og væntum ver, að fá skýrslu yðar um það.

10. septbr. 77. Auglýsing um að halda skuli opinbera guðsþjónustugjörð á Íslandi í minningu þess, að landið hefir verið byggt í þúsund ár. (á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt uppástungu kirkju og kennslustjórnarinnar hefir Hans Hátign konungurinn 8. þ. m. allramildilegast fallið á, að haldið verði opinber guðsþjónustugjörð á öllu Íslandi árið 1874 í minningu þess, að Ísland þá hefir verið byggt í þúsund ár, að guðsþjónustugjörð þessi skuli fram fara í öllum aðalkirkjum landsins í lok júlí mánaðar eða í byrjun ágúst mánaðar á þeim sunnudegi, sem biskupinn yfir Íslandi nákvæmar tiltekur, en í aukakirkjunum næsta sunnudag eða næstu sunnudaga eftir, og að biskupnum sé falið á hendur að ákveða texta þann, sem leggja skuli útaf við tæða guðsþjónustugjörð, og að gjöra þær ráðstafanir, sem að öðru leyti með þarf í tilefni af þessu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Kirkju- og kennslustjórnin, 10. dag september 1873.

C. Hall.

Fr. Reinhardt.